

Sp.

491. Skýrsla

um störf Norðurlandaráðs árið 1978.

Íslandsdeildin og verkaskipting hennar.

Hinn 20. desember 1977 voru fulltrúar í Íslandsdeild Norðurlandaráðs kosnir í sameinuðu þingi. Þessir alþingismenn hlutu kosningu: Ragnhildur Helgadóttir, Jón Skaftason, Sverrir Hermannsson, Magnús Kjartansson, Halldór Ásgrímsson og Gylfi Þ. Gíslason. Varamenn voru kjörnir: Axel Jónsson, Jón Helgason, Sigurlaug Bjarnadóttir, Gils Guðmundsson, Páll Pétursson og Sighvatur Björgvinsson.

Verkefnum var skipt á þennan hátt á fundi 4. janúar 1978. Formaður Jón Skaftason, varaformaður Ragnhildur Helgadóttir, í vinnunefnd Jón Skaftason, Ragnhildur

Helgadóttir og Gylfi Þ. Gíslason, í laganefnd Halldór Ásgrímsson, í menntamálanefnd Gylfi Þ. Gíslason, í félags- og umhverfismálanefnd Sverrir Hermannsson, í samgöngumálanefnd Magnús Kjartansson, í efnahagsmálanefnd Ragnhildur Helgadóttir og Jón Skaftason og í upplýsinga- og ritnefnd Ragnhildur Helgadóttir og Gylfi Þ. Gíslason.

Á 26. þingi Norðurlandaráðs í Osló var Jón Skaftason kjörinn í forsætisnefnd ráðsins og Ragnhildur Helgadóttir kjörin varaformaður hans í nefndinni. Í efnahagsmálanefnd voru kjörin Ragnhildur Helgadóttir og Jón Skaftason, í menntamálanefnd Gylfi Þ. Gíslason, í félags- og umhverfismálanefnd Sverrir Hermannsson, í samgöngumálanefnd Magnús Kjartansson og í laganefnd Halldór Ásgrímsson. Gylfi Þ. Gíslason og Halldór Ásgrímsson voru kjörnir í upplýsinganefnd og jafnframt ritnefnd timaritsins Nordisk Kontakt. Gylfi Þ. Gíslason og Ragnhildur Helgadóttir voru kjörin í fjárlaganefnd. Í nefnd til að athuga rekstur Norræna menningarsjóðsins var kjörinn Gylfi Þ. Gíslason og til vara Ragnhildur Helgadóttir.

Eftir alþingiskosningarnar 25. júní 1978 hurfu af þingi og úr Íslandsdeildinni: Gylfi Þ. Gíslason, Halldór Ásgrímsson, Jón Skaftason og Magnús Kjartansson. Var menn tóku sæti þeirra. Jafnframt voru gerðar nokkrar breytingar á skipun í nefndir, þannig: í laganefnd Páll Pétursson, í menntamálanefnd Ragnhildur Helgadóttir, í félags- og umhverfismálanefnd Sighvatur Björgvinsson, í samgöngumálanefnd Gils Guðmundsson, í efnahagsmálanefnd Sverrir Hermannsson og Jón Helgason.

Fulltrúar Íslands á 26. þingi Norðurlandaráðs.

Þing Norðurlandaráðs var kvatt saman 18. febrúar. Þingið var haldið í Stórbingshúsinu í Osló og var því slitið 22. febrúar. Aðalmenn Íslandsdeildar ráðsins sátu þingið. Af hálfu ríkisstjórnarinnar sátu þingið Geir Hallgrímsson, Einar Ágústsson og Ólafur Jóhannesson. Ritari Íslandsdeildarinnar var Friðjón Sigurðsson.

Málaskrá.

Á málaskrá 26. þings Norðurlandaráðs voru 19 þingfulltrúatillögur (A-mál), 4 stjórnartillögur (B-mál), 5 skýrslur frá samstarfssamtökum Norðurlanda (C-mál) og 49 greinargerðir frá ríkisstjórnnum Norðurlanda (D-mál). Auk þess voru bornar fram á þinginu og svarað 8 fyrirspurnum (E-mál).

Á þinginu voru 12 fulltrúatillögur og 3 stjórnartillögur samþykktar sem ályktanir. Enn fremur voru samþykktar 10 yfirlýsingar byggðar á skýrslu ráðherranefndarinnar um norrænt samstarf. Almennar umræður fjölluðu um skýrslur ráðherranefndarinnar og skýrslu forsætisnefndar Norðurlandaráðs.

Almennar umræður.

Af Íslands hálfu tóku þátt í almennu umræðunum Geir Hallgrímsson, Ólafur Jóhannesson, Einar Ágústsson, Jón Skaftason, Ragnhildur Helgadóttir, Magnús Kjartansson og Halldór Ásgrímsson. Geir Hallgrímsson ræddi um efnahagssamstarf Norðurlandabjóðanna, Fríverslunarbandalag Evrópu, aðstoð einstakra landa við eigin landbúnað og iðnað og aðstoð við þróunarlöndin og samstarf um íþróttir. Jón Skaftason ræddi um efnahagssamvinnu, aðstoð við iðnað og sjávarútveg og nauðsyn á þátttöku ríkisstjórna í samningum um kjaramál. Ragnhildur Helgadóttir ræddi efnahagsvanda Norðurlandabjóðanna, verðbólgu og atvinnuleysi og ráð til að vinna gegn þessari þróun. Fagnaði hún hugmynd um ráðstefnu um þessi mál á vegum ráðsins. Ræddi hún um hina nýju starfsaðferð ráðherranefndar, sem fælist í gerð framkvæmdaáætlana í einstökum málaflokkum. Nauðsyn bæri til að hrinda þeim í framkvæmd. Þá ræddi hún um sjónvarpsgervihnött og sérstöðu íslenskrar tungu í samstarfi Norðurlandabjóðanna. Ólafur Jóhannesson ræddi um efnahagsvandamál Norðurlandabjóðanna og um sérstöðu okkar á því sviði. Hér væri ekkert atvinnuleysi, en hins vegar meiri verðbólga en annars staðar á Norðurlöndum. Hann

ræddi um óhagstæðan viðskiptajöfnuð Íslands og annarra Norðurlanda, aukið samstarf Norðurlandabjóðanna, stofnun Fjárfestingarbanka Norðurlanda og samstarf á sviði löggjafar. Einar Ágústsson ræddi um þýðingarmikla aðstoðarályktun Norðurlandaráðs, er við stækkuðum fiskveiðilögsögu okkar, þýðingu samstarfs Norðurlanda fyrir okkur og studdi aðild Færeyja að Norðurlandaráði. Halldór Ásgrímsson ræddi um þýðingu norræns samstarfs til að auka skilning og efla vináttubönd milli Norðurlandabjóðanna og vaxandi samstarf á sviði efnahagsmála, framkvæmdaáætlanir ráðherranefndarinnar, aukin viðskipti milli Norðurlanda og óhagstæðan viðskiptajöfnuð okkar í því sambandi. Þá ræddi hann nauðsyn aukins samstarfs í gjaldeyrismálum og óæskilegan fjárhagsstuðning jafnaðarmannaflokka á Norðurlöndum við íslenska jafnaðarmenn. Magnús Kjartansson ræddi um nýlenduástand á Grænlandi.

Laganefnd.

Laganefnd fékk til meðferðar hluta af skýrslu ráðherranefndarinnar. Í sérstakri yfirlýsingu eru endurtekin fyrri tilmæli, að ráðherranefndin hafi frumkvæði að samræmingu nýrra laga um fjárhagsleg réttaráhrif hjónabands. Jafnframt er mælt til að samræmdar verði réttarreglur um fjármál sambúðarfólks utan hjónabands.

Í sömu yfirlýsingu segir, að ráðherranefndinni beri að athuga möguleika á því að koma á sama lögræðisaldri á Norðurlöndum.

Í yfirlýsingunni er einnig hvatt til samvinnu milli aðila sem annast upplýsingasöfnun fyrir tölvuskrár.

Þá er hvatt til nánari samvinnu varðandi refsingar.

Stjórnartillaga um skipulag löggjafarsamstarfs var til meðferðar í nefndinni. Samkvæmt tillögunni var samþykkt yfirlýsing um þetta efni.

Fjallað var um þingmannatillögu um sérstakan dómstól til að skera úr deilum varðandi norrænar stofnanir og starfsmenn þeirra, sem ekki féllu undir lögsögu dómstóla hlutaðeigandi ríkja. Samþykkt var bæði í nefnd og á þinginu að gera ekkert í þessu máli.

Tillaga var um sjálfstæða aðild Færeyinga að Norðurlandaráði. Samþykkt var bæði í nefnd og á þinginu að gera ekkert í málinu.

Þingmannatillaga um endurskoðun á starfsreglum Norðurlandaráðs var felld í nefnd og frestað í þinginu.

Menntamálanefnd.

Menntamálanefnd fékk til meðferðar hluta af skýrslu ráðherranefndarinnar og var formaður nefndarinnar, Gylfi Þ. Gíslason, framsögumaður hennar. Tillaga nefndarinnar um yfirlýsingu var samþykkt með 64 gegn 2 atkv. á þinginu. Í yfirlýsingunni var látið í ljós að auka beri menntun 16—19 ára ungmenna, m. a. vegna atvinnuleysis hjá þeim, auka beri kennslu í máli grannríkja. Gera þurfi framkvæmdaáætlanir um samstarf á sviði rannsókna, sem styrktar eru með framlögum á menningarfjárlögunum. Auka beri stuðning úr menningarsjóði Norðurlanda við norrænar menningarvikur. Auka beri stuðning við menningarsamskipti Grænlandinga og Norðurlandabjóða.

Stjórnartillaga um stefnu ráðherranefndarinnar í menningarmálum var til meðferðar í nefndinni. Samþykkt var yfirlýsing, þar sem m. a. var lögð áhersla á aukið samstarf um útvarp og sjónvarp.

Samþykkt var tillaga um samnorræna menntun kennara daufdumbra.

Enn fremur var samþykkt tillaga um aukið norrænt samstarf um framhaldsmenntun í skógrækt.

Nefndin fjallaði um greinargerð um ályktun 13/1973 um norrænt samstarf í sjónvarpsmálum. Nefndin lét í ljós þá skoðun, að halda verði áfram athugun málsins. Fram að þessu hafði hún verið framkvæmd af embættismönnum með aðstoð

sérfræðinga á sviði tækni og laga. Enn fremur lét hún í ljós þá skoðun, að hér eftir færi fram athugun vandamála í sambandi við höfundarétt. Haft verði samráð við samtök höfunda. Þá verði einnig athuguð menningaráhrif og atriði er varða dagskrárgerð.

Félags- og umhverfismálanefnd.

Félags- og umhverfismálanefnd fékk til meðferðar hluta af skýrslu ráðherra-nefndarinnar. Í sérstakri yfirlýsingu er mælt til að ráðherranefndin geri áætlun um að vinna bug á notkun sterkra deyfilyfja. Endurskipulagður verði sameiginlegur vinnumarkaður á ýmsum sviðum félags- og heilbrigðismála. Unnið skuli gegn atvinnuleysi ungs fólks.

Nefndin fjallaði um stjórnartillögu um manninn og lífsgæði á Norðurlöndum. Í yfirlýsingu, sem samþykkt var í málinu, segir að ráðherranefndinni beri að hraða gerð framkvæmdaáætlunar um norrænt samstarf til að útrýma atvinnuleysi ungs fólks, kanna möguleika á að samræma félagsmálalöggjöf Norðurlanda og vinna að raunverulegu jafnrétti kvenna og karla.

Vinna ber að bættum aðstæðum á vinnustöðum.

Samþykkt var þingmannatillaga um áskorun til ráðherranefndarinnar um að semja sameiginlegar reglur um bætt vinnuskilyrði og heilsugæslu þeirra sem vinna við landbúnað á Norðurlöndum.

Samþykkt var þingmannatillaga um áskorun til ríkisstjórna Norðurlanda að beita sér fyrir alþjóðasamþykkt um vinnutíma á þingi Alþjóðavinnnumálasambandsins.

Samþykkt var þingmannatillaga um að ráðherranefndin beiti sér fyrir norrænu samstarfi um upplýsingar varðandi skaðsemi tóbaksreykinga og að koma á alþjóðaráðstefnu á árinu 1979 um reykingar og heilbrigði.

Samþykkt var þingmannatillaga um að ráðherranefndin láti kanna orsakir fötlunar barna og á grundvelli árangurs könnunarinnar verði gerð áætlun um að koma í veg fyrir fötlun þeirra.

Í greinargerð sinni lýsti nefndin ánægju yfir aðgerðum ráðherranefndarinnar á sviði umhverfismála. Samþykkt var að tillögu nefndarinnar yfirlýsing um að ráðherranefndin geri framkvæmdaáætlun á grundvelli stjórnartillögunnar og í samráði við Norðurlandaráð um að efla norrænt samstarf í umhverfismálum.

Samþykkt var sem ályktun þingmannatillaga um að ríkisstjórnir Norðurlanda vinni að gerð umhverfismálasamþykktar fyrir Evrópu.

Samþykkt var þingmannatillaga um að mæla með því við ráðherranefndina að skipa nefnd til að fylgjast með skaðlegum áhrifum á háloftshjúp jarðar. Þá var samþykkt ályktun um að skora á ríkisstjórnir Norðurlanda að beita sér fyrir gerð alþjóðasáttmála til verndar háloftshjúp jarðar.

Nefndin fjallaði um stjórnartillögu um framkvæmdaáætlun um norrænt samstarf í jafnréttismálum kvenna og karla. Samþykkt var ályktun í málinu um gerð framkvæmdaáætlunar og — að höfðu samráði við félags- og umhverfismálanefnd — gerð skrár um nauðsynlegar aðgerðir.

Samgöngumálanefnd.

Samgöngumálanefnd fékk til meðferðar hluta af skýrslu ráðherranefndarinnar. Í yfirlýsingu nefndarinnar var m. a. fjallað um að flýta bættum flugsamgöngum milli norðurhéraða Skandinavíu, hraða undirbúningi skipaferða milli Íslands og Færeyja annars vegar og Skandinavíu hins vegar.

Samþykkt var stjórnartillaga um norrænt samstarf á sviði ferðamála.

Fram var lögð bráðabirgðaskýrsla um samgöngur milli Íslands, Færeyja og annarra norrænna landa. Endanlega ákvörðun í málinu var ekki unnt að taka á grundvelli skýrslunnar. Nefndin lét í ljós þá skoðun, að of langur tími liði frá frumkvæði til lokaafgreiðslu mála.

Samþykkt var þingmannatillaga um að ráðherranefndin veiti nægilegt fé til að kanna möguleika á því að laga almenningssamgöngutæki meira eftir þörfum fatlaðra.

Efnahagsmálanefnd.

Efnahagsmálanefndin fékk til meðferðar hluta af skýrslu ráðherranefndarinnar. Í yfirlýsingu nefndarinnar var fjallað um að Norðurlöndin gætu bætt efnahag einstakra þjóða með sameiginlegum aðgerðum til langs tíma. Auka beri viðskipti Norðurlanda, auka samvinnu í viðskipta- og gjaldeyrismálum. Ráðgert sé að gera framkvæmdaáætlun í neytendamálum.

Samþykkt var yfirlýsing vegna stjórnartillögu um manninn og lífsgæði á Norðurlöndum, sem nefndin fjallaði um. Í yfirlýsingunni var m. a. fjallað um aukið samstarf á sviði orku- og iðnaðarmála, bættu nýtingu hráefnis og fjármuna. Norræni iðnþróunarsjóðurinn hefði miklu hlutverki að gegna til að stuðla að bættri tækni- og iðnþróun. Auka þurfi aðstoð við þróunarlöndin. Lögð var áhersla á þýðingu norræns samstarf í alþjóðastofnunum. Auka þyrfti slíkt samstarf.

Samþykkt var þingmannatillaga um endurvinnslu úrgangsefna.

Samþykkt var þingmannatillaga um að beina því til ráðherranefndarinnar að aðstoða þróunarlöndin til betri nýtingar á gæðum hafsins og verka fiskifang á Norðurlöndum meira eftir þörfum þróunarlanda.

Nefndin fjallaði um skýrslu um starfsemi Fjárfestingarbankans fyrir tímabilið 1. júlí 1976 til ársloka 1977.

Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs og tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs.

Norski rithöfundurinn Kjartan Fløgstad hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs á árinu 1978.

Finnska tónskáldið Aulis Sallinen hlaut tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs fyrir árið 1978.

Næsta þing Norðurlandaráðs.

Ákveðið var að næsta þing ráðsins yrði haldið í Stokkhólmi á þeim tíma er forsætisnefndin ákvæði síðar.

Forsætisnefndin ákvað á fundi 12. apríl 1978 að 27. þing Norðurlandaráðs skyldi háð dagana 19.—23. febrúar 1979.

Ályktanir.

Á 26. þingi Norðurlandaráðs voru samþykktar ályktanir um

- 1) samstarf á sviði ferðamála,
- 2) menntun kennara daufdumbra,
- 3) framhaldsmenntun í skógrækt,
- 4) að laga almenningssamgöngutæki eftir þörfum fatlaðra,
- 5) framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum,
- 6) samstarf í umhverfismálum,
- 7) umhverfissáttmála Evrópu,
- 8) skaðleg áhrif á háloftshjúp jarðar,
- 9) alþjóðasamþykkt til verndar háloftshjúp jarðar,
- 10) vinnuskilyrði og heilbrigði þeirra, er vinna við landbúnað,
- 11) varnir gegn tóbaksreykingum,
- 12) alþjóðasamning um vinnutíma,
- 13) ráðstafanir gegn fötlun barna,
- 14) betri nýtingu gæða hafsins fyrir þróunarlöndin,
- 15) endurvinnslu úrgangsefna.

Í mars 1979.

Ragnhildur Helgadóttir.